



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2014

1409027SA TP
Málalykill: 401

Efni: Tillaga til þál. um endurskoðun lögheimilislaga – 33. mál 144. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga fylgir stefnumörkun sem unnið er á grundvelli umfjöllunar á landsþingi þess, nú síðast XXVIII. landsþings er haldið var á Akureyri í september sl. Á fundi stjórnar sambandsins þann 21. nóvember sl. var samþykkt stefnumörkun þess fyrir árin 2014 - 2018 en þar segir í lið 3.4.9:

Sambandið skal beita sér fyrir því að heildarendurskoðun laga um lögheimili og laga um skráningu aðsetursskipta verði hraðað. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að styrkja stöðu sveitarfélaga í skráningarferlinu og draga úr hættu á rangri eða ófullkominni aðsetursskráningu. Jafnframt verði tryggt að öll skilgreind lögheimili séu í samræmi við skipulag sveitarfélaga.

Sú heildarendurskoðun sem hér er vísað til, hefur staðið yfir frá árinu 2011, en þá skipaði innanríkisráðherra nefnd sem ætlað var að endurskoða lög nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, lög nr. 73/1956, um tilkynningar aðsetursskipta og lög nr. 21/1990, um lögheimili.

Vinna nefndarinnar virðist hafa legið í láginni um nokkurra missera skeið og er það miður því afar brýnt er að gera margvíslegar umbætur á lagaumhverfi íbúaskráningar. Þörfin hefur raunar legið fyrir um árabil, sbr. meðf. afrit af bréfi sambandsins til forsætisráðherra dags. 14. mars 2008 þar sem sjö atriði eru sérstaklega tiltekin.

Flutningsmenn ofangreindrar þingsályktunartillögu vísa til þess að markmið endurskoðunar eigi að vera að hjónum verði gert fært að eiga lögheimili hvort á sínum staðnum. Að áliti sambandsins er þetta eitt af því sem endurskoðun lögheimilislaga þarf að lúta að, en áréttað er að jafnframt þarf að huga að mörgum atriðum öðrum, sem einnig eru til komin vegna örra samfélagsbreytinga á umliðnum árum, m.a. varðandi gerð og samsetningu fjölskyldna. Sú þróun kallar á umræðu um grundvallaratriði m.a. hvort og þá hvaða greinarmun eigi að gera á lögheimili og aðsetri við skráningu.

Eins og ofangreind stefnumörkun ber með sér hafa sveitarfélögin mjög ríka hagsmuni af því að vel sé staðið að íbúaskráningu. Alltaf þarf að vera ljóst hvaða réttindi hjá sveitarfélögum skráning eigi að virkja hverju sinni, en í vaxandi mæli hefur mátt greina að hópar fólks séu á gráum svæðum hvað það varðar. Þá þurfa sveitarfélögin að fá skýran og endurgjaldslausan aðgang að öllum gögnum Þjóðskrár sem þau þurfa á að halda til þess að geta rækt stjórnvaldshlutverk sitt.




Sambandið styður því að starfshópur verði settur á fót til þess að endurskoða lögheimilislögin en telur rétt að honum verði ætlað víðara hlutverk en fyrirbyggjandi tillaga gengur út frá. Nýr starfshópur myndi þá í reynd taka við af þeirri nefnd sem áður starfaði og ætti að geta nýtt sér margvíslega vinnu sem þegar hefur farið fram. Af þeirri ástæðu ætti ekki að þurfa að ætla mjög langan tíma til verksins og mætti jafnvel ganga út frá því að frumvarp til endurskoðaðra laga verði lagt fram við upphaf haustþings 2015.

Óhjákvæmilegt er einnig að gera ráð fyrir fjárveitingum til þess að standa undir þeirri kerfisbreytingu og aðlögun sem endurskoðun laga kallar á, hvort sem sú endurskoðun er stór eða smá í sniðum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Bréf sambandsins til forsætisráðherra, dags. 14. mars 2008

Forsætisráðherra
Geir H. Haarde
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2008

0803424SA MKH/-
Tilv.: 120

Efni: Úttekt á tilhögun íbúaskráningar

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með erindi þessu fram á það við forsætisráðherra að hann beiti sér fyrir því að úttekt verði gerð á tilhögun íbúaskráningar á Íslandi með það að markmiði að íbúaskráning verði skilvirkari og áreiðanlegri en nú er og Þjóðskrá endurspegli á hverjum tíma rétta búsetu.

Sérstaklega er óskað eftir að endurskoðunin beinist að eftirfarandi atriðum:

1. Að löggjöf varðandi málaflokkinn verði endurskoðuð;
2. að Þjóðskrá verði haldin í sívinnsluupplýsingakerfi, sem sveitarfélögin hafi beinan aðgang að;
3. að skráarhaldari Þjóðskrár beri einkum ábyrgð á gerð og rekstri upplýsingakerfa vegna skráarinnar og samræmingu á störfum skráningaraðila;
4. að sveitarfélög fái upplýsingar úr Þjóðskrá án endurgjalds;
5. að kostir rafrænnar stjórnsýslu verði nýttir auk þess sem þjónusta við almenning varðandi útgáfu vottorða o.fl. standi til boða í afgreiðslum sveitarfélaga og sýslumanna og á vefnum;
6. að könnuð verði hagkvæmni þess að sameina Þjóðskrá öðrum sambærilegum stofnunum;
7. að kannað verði hvort unnt sé að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni í tengslum við endurskoðunina.

Greinargerð

Í september 2005 samþykkti ríkisstjórnin að færa Þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis og voru lög þessa efnis samþykkt í júní 2006. Var Þjóðskrá gerð að sérstakri skrifstofu í dómsmálaráðuneytinu en með aðgreindum fjárhag frá ráðuneytinu.

Engin endurskoðun fór fram á löggjöf um íbúaskráningu eða fyrirkomulagi skráningarstarfsins í tengslum við færslu skráningarinnar til dómsmálaráðuneytisins. Stærstur hluti löggjafar varðandi íbúaskráningu er gerður við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru hér á landi, svo sem lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962, lög um lögheimili nr. 21/1990, lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952 og lög um útgáfu og notkun nafnskrteina nr. 25/1965.

Ýmis atriði í starfsemi Þjóðskrár undanfarin ár hafa verið gagnrýnd af sveitarfélögum. Má einkum nefna að endanlegar íbúatölur fyrir árið 2006 liggja ekki enn fyrir en einnig hefur gengið erfiðlega að henda reiður á fjölda erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Það skiptir sveitarfélögin verulegu máli að íbúatölur séu réttar og má nefna að endanlegar íbúatölur Þjóðskrár ber að nota sem grundvöll úthlutunar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Skilvirk íbúaskráning er jafnframt mjög mikilvæg fyrir íbúa landsins þar sem réttur þeirra til opinberrar þjónustu grundvallast á lögheimilisskráningu í Þjóðskrá.

Rafrænum upplýsingum úr Þjóðskrá er eingöngu miðlað í gegnum einkaaðila sem sveitarfélög verða að kaupa upplýsingarnar frá. Spyrja má hvort sú framkvæmd sé í samræmi við 18. gr. laga um Þjóðskrá og almannaskráningu þar sem segir að Þjóðskrá skuli láta embættum og sveitarstjórnnum í té hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, án endurgjalds, enda þurfi þau upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa.

Það er í verulegu ósamræmi við nútíma stjórnsýsluhætti að flest sveitarfélög þurfi að senda til Þjóðskrár allar tilkynningar um aðsetursskipti sem þeim berast og greiða síðan þriðja aðila fyrir að fá þær sömu upplýsingar til baka úr Þjóðskrá. Eðlilegt er því að kanna kosti þess að fela sveitarfélögunum eða öðrum opinberum stofnunum, einkum á landsbyggðinni, að taka við tilkynningum um aðsetursskipti og skrá þær beint í Þjóðskrá.

Komi til endurmats á hlutverki sveitarfélaga við íbúaskráningu þarf að meta þann kostnaðarauka sem af því kann að leiða og eftir atvikum hvernig sveitarfélögin fái hann bættan.

Samband íslenskra sveitarfélaga er reiðubúið til virkrar þátttöku í því starfi sem hér er farið fram á.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Afrit: Dómsmálaráðherra og samgönguráðherra.